

Hafnarfirði, 18. júní 2020

Efni: Svör við fyrirspurn fulltrúa Bæjarlistans vegna NPA reglna.

1-hvar er hægt að lesa umsögn ráðgjafarráðs um drög að reglum um NPA?

Sjá viðhengi.

2-hvert er áformað tímagjald, annað en jafnaðargjaldið, skv nýju reglunum?

Tímagjaldið er nú er kr. 4.289 kr. Starfshópurinn leggur áherslu á að fyrirsjáanleiki í þróun tímagjalds verði aukinn og fylgi þeirri þróun og breytingum sem kunna verða á vinnumarkaði. Eftir fyrirhugaða endurskoðun á tímagjaldi mun tímagjald taka mið af launavísitölu og hækka um áramót. Jafnframt er lagt til að þegar um er að ræða sólarhrings samninga verði eðlilegt að miða við að nota mismunandi tímagjald eftir því á hvaða tíma sólarhrings þjónusta er veitt en að samningar sem eru með færri tíma en 600 á mánuði verði á jafnarðartímagjaldi. Starfshópurinn leggur til að jafnaðargjald og tímagjald verði endurskoðað fyrir 1. september 2020 og mun síðan framvegis taka breytingum til samræmis við launavísitölu.

3-hver er frestur bæjarins frá umsókn þar til svar er veitt um það hvort NPA þjónusta verði veitt? Rætt er um "eins fljótt og unnt er" en í eldri reglum voru þetta að hámarki 3 mánuðir. Hver er stefnan með þennan tímafrest? Sami, meiri, minni?

Umsóknir um NPA þjónustu eru teknar fyrir á afgreiðslufundum stuðnings- og stoðþjónustuteymis á fjölskyldu- og barnamálasviði. Fundir teymisins eru vikulega og eru umsóknir teknar fyrir á næsta fundi eftir að þær berast. Lögð er áhersla á að vinna faglega að öflun upplýsinga, s.s. mati á stuðningsþörf o.fl. Ekki er gert ráð fyrir að sá tími verði lengri en verið hefur hingað til.

4-ákvæðið í 3. málsgrein 1. greinar, um forgang umsókna, sem tengist áætluðu fjármagni frá ríkinu, er það tímabundið (við innleiðingartímann) og verður það endurskoðað að honum loknum?

Ekki er endanlega ljóst hvort framlag ríkisins þ.e.a.s. 25% vegna NPA samninga verður áfram eftir innleiðingartímabilið. Ljóst er að endurskoða þarf reglur í ljósi breytinga eftir innleiðingu.

5-hvenær er áætlað að endurskoða þessar reglur? Að loknum innleiðingartímanum, fyrr, seinna?

Að loknum innleiðingartíma og fyrr í ljósi reynslu.

6-12. greinin, um endurmat, hvernig er hún í samanburði við aðra þjónustu sem bærinn veitir sambærilegum hópum? Samræmist hún jafnræðisreglu milli hinna ólíku þjónustuforma sem fólk á að geta valið/sótt um? Fer fram hálfárslegt mat á þjónustupörf í öðrum úrræðum hjá bænum, ef svo, með hvaða hætti?

Gert er endurmat í þjónustu við þá hópa sem fjölskyldu- og barnamálasvið er að þjónusta. Mismunandi er hve oft endurmatið er gert. Má nefna að í barnaverndarmálum er algengt að meðferðaráætlun og endurmat sé gert á 3 til 6 mánaða fresti, húsnæðisumsóknir eru endurnýjaðar á 12 mánaða fresti. Einnig er þjónusta vegna liðveislu, stuðningsfjölskyldna og annarrar grunnþjónustu metin a.m.k. árlega.

7-16. grein: hver er hæfilegur tímafrestur fyrir úrbætur vegna vanefnda?

Erfitt er að ákvarða ákveðinn tímafrest en mikilvægt að hann sé sanngjarn gagnvart báðum aðilum. Taka verður tillit til aðstæðna hverju sinni.

Frá Umboðsmanni Alþingis: Í áður nefndu álit *UA 11. júní 1999 (1767/1996)* telur umboðsmaður að líta beri til þeirra

hagsmuna sem í húfi eru og efnisatvika málsins að öðru leyti við mat á því hvað telst

hæfilegur frestur.

8-17. grein: geta "aðilar" rift samningi, er það ekki bara annar aðilinn? Í þessari grein er tvítekið skilyrðið um að greiðslur falli niður, einnig virðist mikil endurteking/skörun milli greina 16 og 17.

Báðir aðilar geta sagt upp samningi ef ekki er staðið við þær skuldbindingar sem settar voru fram í samningi. Þessu er ekki beitt nema í ýtrustu neyð.

9-24. grein: er með Fjölskylduráði í þessari grein átt við málskotsnefnd? Eða verða málefni NPA notenda tekin inn á fullskipaða fundi ráðsins og sett á dagskrá þar? Almenn er áfrýjunum svarað í málskotsnefnd og efnisatriða ekki getið í fundargerðum, verður því öðruvísi háttáð með NPA? Jafnræði?

Átt er við málskotsnefnd. Einstaklingsmál eru ekki tekin fyrir á fundum fjölskylduráðs og gildir það sama um þá sem nýta NPA þjónustu.

Rannveig Einarsdóttir,
Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs.

Texti



HAFNARFJÖRÐUR

Nafn

Embættismaður